



Glefsa

Brot úr hagvísun og skýrslum SSV – 3. tbl. 2015


Væntingar fyrirtækja á Vesturlandi

Vífill Karlsson


Fyrirtæki á Vesturlandi eru bjartsýn þegar horft er til svara við spurningum sem lúta að væntingum þeirra um framtíðina samkvæmt könnun sem gerð var meðal fyrirtækja á Vesturlandi og greint var frá í síðustu Glefsu. Það voru spurningar um breytingu á starfsmannafjölda, fjárfestingar, framtíðartekjur og aðstæður í efnahagslífinu.

er stór munur á milli svæða innan Vesturlands. Athygli skal vakin á því að könnunin fór fram á haustmánuðum 2014. Nýlegir kjarasamningar gætu hafa haft áhrif á afstöðu forsvarsmanna fyrirtækja að þessu leyti.


Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?




Telur þú heildartekjur fyrirtækisins batna á milli rekstraráranna?



Hvort telur þú að fyrirtækið eigi eftir fjárfesta eða draga saman seglin á næstu 12 mánuðum?



Telur þú að aðstæður í efnahagslífinu eigi eftir að verða betri, óbreyttar eða verri eftir 12 mán.?



Tæplega fjórðungur fyrirtækja á Vesturlandi telja að starfsmönnum þeirra eigi eftir að fjölga lítið eitt á næstu 12 mánuðum. Um 69% fyrirtækja sjá fyrir sér óbreyttan fjölda starfsmanna en tæplega 7% sjá fyrir sér fækkun starfsmanna, þar af eru um 1% fyrirtækja sem gera ráð fyrir að starfsmönnum eigi eftir að fækka mikið. Samkvæmt þessu sjá miklu fleiri fyrirtæki á Vesturlandi fyrir sér fjölgun starfa (23%) frekar en fækkun. Þetta er betri útkoma en í fyrra þegar spurt var um það sama. Ekki

Fyrirtæki í Dölunum virðast vera bjartsýnni en á öðrum svæðum Vesturlands ef frá er talið hvort menn sjái aðstæður í efnahagslífinu eigi almennt eftir að verða betri eða verri. Nánari greining gaf til kynna að það verði rakið til samsetningar þeirra fyrirtækja sem tóku þátt fremur en landsvæðisins sjálfs. Fram kemur að ferðaþjónusta hyggst fjölga fólki og fjárfesta. Einnig hyggur landbúnaður á fjárfestingar. Þá telur byggingariðnaður tekjur sínar fara hækkandi. Útgerðarfyrirtæki eru heldur svartsýn þegar spurt var út í aðstæður í efnahagslífinu.

